

# **TPR-aðferðin**

## **(Total Physical Response)**

Námskeið hjá Ísbrú, 5.ágúst 2010

Einar Trausti Óskarsson

eo@fss.is

## 1. - Máltaka í erlendu máli

### a) Grunnatriði varðandi máltöku í erlendu máli

(Byggt á *From Input to Output: A Teacher's Guide to Second Language Acquisition* e. Bill VanPatten):

1. Máltaka í erlendu máli felst í því að í huga einstaklingsins verður til innbyggt, ómeðvitað málkerfi, kallað *implicit system* á ensku.
2. Máltaka í erlendu máli er flókin og felst í mörgum mismunandi ferlum.
3. Námsferlið er síbreytilegt (e. *dynamic*) en hægfara.
4. Nemendur í erlendu máli ná venjulega ekki sömu færni og þeir sem tala málið sem móðurmál.
5. Að ná fram hæfni í máli (t.d. læra ýmis málfræðiatríði) er ekki það sama og að skapa ómeðvitað málkerfi.

### b) Mikilvægi innlagnar (input) í máltöku

Máltaka (e. *acquisition*) tungumálsins á sér stað sem hliðarafurð (e. *byproduct*) skilnings. Þetta þýðir að þegar einstaklingur hlustar á setningu og skilur hana, þá á sér stað upptaka tungumálsins, innlögn (e. *input*); einstaklingurinn bætir með því við ómeðvitað málkerfi sitt (*implicit system*). Innlögn – *input*- hefur einnig verið kölluð ílag á íslensku.

Allir einstaklingar sem hafa náð góðu taki á erlendu tungumáli hafa fengið mikla innlögn. Innlögn er ýmist samskiptainnlögn (*conversational*) eða samskiptalaus innlögn (*nonconversational*). Margir Íslendingar hafa lært ensku í gengum samskiptalaus innlögn úr miðlum eins og sjónvarpi og í gegnum tónlist.

Lykilatriðið í innlögn er að hún sé skiljanleg, merkingarbær og áhugaverð. Ef innlögn er ekki skiljanleg mun engin máltaka eiga sér stað. Stephen Krashen, bandarískur fræðimaður, hefur verið einna öflugastur við að kynna mikilvægi þessa atriðis. Skiljanleg innlögn – *comprehensible input* – er nú orðið lykilatriði í því hvernig við nálgumst tungumálakennslu.

## 2. TPR

### a) Hugmyndafræði TPR, kostir hennar og gallar

#### Meginhugmyndir í hefðbundnu TPR

Engar þýðingar

Allt er leikið/túlkað

Ný orð eru kynnt og þeim blandað saman við gömul orð; þegar orð hefur verið notað mikið og nemendur hafa lært það, þá kemur það mun sjaldnar fyrir

Kennarinn gefur skipanir, nemendur bregðast við

Nemendur eru sífellt að bregðast við, sífellt að sýna skilning

Orðin eru kennd á mátulegum hraða, þannig að allir í hópnum læri orðið.

Aðferðin er hlustunaraðferð. Hún gerir ekki ráð fyrir því að nemendur segi neitt fyrr en eftir margar vikur. Þetta er hið svokallaða *Hljóða tímabil – Silent period*, sbr. máltöku ungabarna.

Aðferðin byggir á beinu sambandi milli skipana kennara og viðbragða nemenda.

Kennt er í boðhætti.

#### Kostir við TPR

Skiljanleg innlögn (*comprehensible input*)

Líflegt

Virkar fyrir allan hópinn, skiptir ekki máli hvaðan nemendur eru, hve mörg móðurmál þeir tala

Kennarinn getur sífellt fylgst með því hve vel nemendur skilja efnið, með því að prófa staka nemendur reglulega

Nemendurnir finna sífellt sjálfir hve mikið þeir skilja

## **Gallar/takmarkanir við hefðbundið TPR**

Aðferðin getur orðið einhæf ef hún er notuð mikið

Ef þýðing er ekki notuð, þá getur verið óljóst hvaða orð/hugmyndir er verið að þjálfá. Hvort er verið að meina fara / fara út/ ganga?

Ekki hægt að leika alla hluti. Hvernig leikur maður "frelsi" eða "af því að"?

Aðferðin getur verið *of* áhrifarík. Ef nemendur fá mikla þjálfun í TPR, þá geta þeir fest sig í *boðháttarformi* sagna og átt erfitt með að losa sig úr því.

Nemendur eru lengur að læra orðin ef þýðing og hjálpartenging er ekki gefin, misskilja jafnvel hvað er verið að kenna.

Aðferðin reynir talsvert á hæfni kennarans til að halda góðum takti í skipunum og að kennarinn hafi gott yfirlit yfir hvað hann tekur fyrir í hverjum tíma.

## **b) mögulegar útfærslur á TPR**

Nota aðferðina hóflega, t.d. 10 mínútur í hverjum tíma. Það má hvíla sig á henni í eina eða tvær vikur ef manni finnst ekki ganga nógu vel, eða maður hefur ekki nægan tíma til að undirbúa sig.

Gefa stundum upp þýðingu á nýjum orðum og orðtengingar í fyrsta skipti sem orðin eru kynnt. Þetta þarf alls ekki alltaf að vera nauðsynlegt, en getur dregið úr óvissu og misskilningi.

Nota fleiri form sagna í skipunum en boðhátt, t.d. nútíð og þátíð (sjá hér að neðan).

Nota aðferðina til að þjálfá upp orðaforða í nýjum kafla í kennslubókinni sem er notuð; þjálfá t.d. mikilvæg orð í nýjum kafla í tvær vikur áður en byrjað er á kaflanum.

Góð regla í notkun TPR í hverri kennslustund:

Rifja upp allt nýtt TPR úr síðustu kennslustund og helminginn úr þar síðustu kennslustund.

### c) Málfræðikennsla í TPR

Hægt er að nota aðferðina "Fókus á form" (e. "focus on form") til þess að kenna málfræði. Aðferðin gengur út á að benda nemendum á form orða (oft endingar) strax eftir að þau eru sögð. Dæmi:

Kennarinn gefur skipun, t.d. "Bentu á konuna" (nemendur benda á konuna á mynd); kennarinn bætir síðan við eftirfarandi upplýsingum

þetta "-na" sem er aftast í orðinu "konuna" þýðir það sama og "the" í ensku (og sambærileg orð í móðurmálum nemenda)

"konuna" er í formi sem er kallað *þolfall*, "bentu á" tekur með sér þolfall

"Ég borðaði stóra ostinn"; takið eftir því að *borðaði* endar á *-aði*, sem merkir að orðið er í *þátíð*.

Blaine Ray kallar þessa aðferð "Pop-up grammar" og skilgreinir hana sem "1-5 sekúndna málfræðifyrirstur."

### d) Þófun á kunnáttu nemenda í TPR

Mjög mikilvægt að athuga reglulega hve vel hópurinn kann orðin. Það er EKKI hægt að treysta því að allir kunni orð bara af því að hópurinn bregst allur við skipunum tiltölulega hratt. Það geta verið margir sem eru einfaldlega að herma eftir öðrum, án þess að hafa náð orðinu. Það þýðir heldur ekki að prófa bara bestu nemendurna, þeir ná öllu strax hvort sem er.

Mikilvægt er að athuga reglulega (t.d. á 5 mínútna fresti) hve vel nemendur hafa náð atriðunum, til þess að átta sig á því hvort kennarinn sé að fara of hratt.

Þetta er gert á eftirfarandi hátt (skv. Blaine Ray, Teaching Fluency through TPRS):

1. Kennarinn gefur skipunina og allur hópurinn framkvæmir hana eða stakur nemandi framkvæmir hana. Kennarinn sýnir sjálfur hreyfinguna ekki strax, heldur á eftir (þ.e.

kennarinn gefur skipunina og hinkrar þar til nemendur hafa framkvæmt hana og sýnir hana þá, þannig að nemendur fá staðfestingu á því að þeir hafi gert rétt). Því hraðar sem hópurinn/nemandinn gerir hreyfinguna, því betur hefur hann náð henni. Best er að gefa margar skipanir í röð og tiltölulega hratt. Þessa aðferð er gott að nota strax eftir að atriðin hafa verið kynnt.

2. Kennarinn gefur skipun og allur hópurinn framkvæmir hana eða stakur nemandi framkvæmir hana. Kennarinn framkvæmir hana ekki.
3. Kennarinn gefur skipun og gerir eitthvað annað en skipunin segir til um.
4. Kennarinn gefur skipun og lætur hópin/nemandann þýða hana. T.d. segir kennarinn: "Toca la nariz" og nemandinn þýðir: "Snertu nefið".

### e) Samsetning þeirra orða sem eru valin til kennslu

Skilgreina í byrjun annar/kennslutímabils hvaða orð er hægt að nota. Hægt er að nota eftirfarandi mat:

Eru orðin mikilvæg í íslensku?

Eru orðin mikilvæg í kennsluefninu sem verður tekið fyrir?

Er auðvelt að kynna orðin með TPR?

Ef svarið við einhverjum af þessum atriðum er já, þá kemur orðið til greina. Orð sem á við um allt þrennt er að sjálfsgöðu í forgangi.

Orð sem eru *lík* í *merkingu* eða *formi* er ekki heppilegt að kenna saman.

Dæmi um slík orð er "borða" og "drekka", "hægri" og "vinstri" og "stór" og "lítill"; best er að í huga nemandans skapist sterk mynd af öðru orðinu (t.d. að nemandinn læri þokkalega vel "stór" eða "borða" eða "hægri"), áður en hitt orðið er kynnt. Ef orðin eru kynnt á sama tíma, þá er hætt á því að nemandinn muni að orðið yfir "stór" merki "stór" EÐA "lítill" og á sama hátt muni hann að orðið yfir "lítill" merki "stór" EÐA "lítill", en eigi erfitt með að muna hvað er hvað.

Önnur dæmi um orð sem eru lík eru ýmsar tegundir ávaxta (t.d. ekki snjallt að kenna 3-4 ávexti í sama tímanum, frekar bara einn eða tvo), og síðan orð sem hljóma líkt. Á spænsku er t.d. "9" "**nueve**" og lýsingarorðið "nýr" er "**nuevo**". Best er að hafa bil á milli þessara atriða til þess að hvert atriði skipi sér sess í huganum áður en nýtt atriði kemur.

Orðin "**hægt**" og "**hratt**" eru mjög lík í íslensku og þyrftu að vera kynnt með einhverju millibili, t.d. með því að "**hægt**" sé kynnt strax í fyrsta tíma, en "**hratt**" ekki fyrr en í 5.tíma.

Ef hins vegar kennarinn telur algjörlega óhjákvæmilegt að kynna þau í sömu kennslustundinni (t.d. bæði stór og lítill, eða bæði borða og drekka), þá er best að byrja sem fyrst á öðru orðinu (t.d. stór), leggja miklu áherslu á það orð, láta það oft koma fyrir. Síðan, í seinni hluta tímans er hitt orðið kynnt.

#### **f) Aðferð til að þjálfna tíðir sagna.**

Efnið hér að neðan væri hluti af 10 mínútna TPR-þjálfun í hverri kennslustund. Hér gerum við ráð fyrir að kynning á þessum sögnum byrji strax í fyrsta tíma.

Dæmi um sagnir sem eru þjálfaðar: **borða, tala við, hlaupa**

#### **1.tími**

Endurtekið mörgum sinnum:

**Talaðu við** (konuna, 5, stóra húsið o.s.frv.), **borðaðu** (stóra ostinn, stóra húsið, 5, konuna o.s.frv.), **hlauptu**

Æfa boðháttinn með "**hægt**" og "**tvísvar**", eins og "**hlauptu hægt**", "**hlauptu tvísvar**", "**talaðu hægt við konuna**"

Æfa boðháttinn með því að hafa tvær skipanir í röð (keðjuskipanir): **talaðu hægt við stóra ostinn og hlauptu tvísvar**

#### **2.tími**

Endurtekning á öllu sem var í 1.tíma, bara mun sjaldnar (enda verið að kynna einhver ný orð líka).

Kynnt nútíðin: **ég tala við** (konuna, 5, stóra húsið o.s.frv.), **ég borða** (stóra ostinn, stóra húsið, 5, konuna o.s.frv.), **ég hleyp**.

Hreyfing: bent á sjálfan sig og síðan sama hreyfing og í boðhætti ("**ég tala við konuna**": bent á sjálfan sig og síðan talhreyfing við myndina af konunni)

### 3.tími

Stutt endurtekning á öllu sem var í 1.tíma, dálítil endurtekning á því sem var í 2.tíma (en meiri heldur en endurtekningin úr 1.tíma)

Ekkert nýtt í sögnunum þremur (heldur er nýja efnið eitthvað ótengt þeim)

### 4.tími

Kynnt þátíðin: **ég talaði við** (konuna, 5, stóra húsið o.s.frv.) **í gær**, **ég borðaði** (stóra ostinn, stóra húsið, 5, konuna o.s.frv.) **í gær**, **ég hljóp í gær**.

Hreyfing: bent á sjálfan sig og síðan sama hreyfing og í boðhætti ("**ég talaði við konuna**": bent á sjálfan sig og síðan talhreyfing við myndina af konunni) og síðan bent fyrir aftan sig til að tákna **í gær** (en í raun er verið að tákna þátíðina)

Alltaf að muna að hafa fjölbreyttar setningarnar, krydda með "**tvísvar**" og "**hægt**" og kynna ný atriði: **ég talaði við brauðið**, **ég borðaði sjónvarpið**, **ég borðaði bláa bílinn**.

Við og við, þegar setningarnar koma í þátíð, nota "fókus á form", þ.e. að benda á að *talaði* og *borðaði* endar á **-aði**, sem sé algeng ending í þátíð.

### 5.tími

Þátíð rifjuð upp, líka nútíð

### 6.tími

Önnur atriði

### 7.tími

Önnur atriði



## 8.tími

Sagnirnar rifjaðar upp í **boðhætti**, **nútið** og **þátíð** með ýmskonar setningum (sömu og áður, eða, sem er enn betra, með öðrum orðum sem voru kennd í 6. og 7. tíma.

Til dæmis, ef orðin "lítill", "kjúklingur", "hjól" og "hratt" voru meðal þeirra orða sem voru kynnt í 6. og 7. tíma, þá gætu þetta verið setningar eins og eftirfarandi:

**"borðaðu** litla kjúklinginn", **"borðaðu** litla kjúklinginn **hratt**", **"ég tala við** litla hjólið", **"ég talaði** **hratt** við litla ostinn", **"ég borða** stóra kjúklinginn **hratt** og **ég tala við** litla hjólið".

Kynna "ég ætla að borða", "ég ætla að hlaupa", "ég ætla að tala við" á sama hátt og hinar tíðirnar.

## TPR á youtube.com

Góð kynning á tpr

<http://www.youtube.com/watch?v=ikZY6XpB214>

Almenn kynning á TPR, talað við James Asher, höfund TPR, og auk þess eru sýnd brot úr tíma hjá Ramiro Garcia.

Todd McKay notar TPR í 6.bekk bandaríks grunnskóla

<http://www.youtube.com/watch?v=KmfnrYerYbY>

## Vefsíður

<http://www.tpr-world.com/>

Heimasíða James Asher, höfundar TPR, með mörgum hlekkjum.

<http://www.blaineraytprs.com/>

Heimasíða Blaine Ray, höfundar TPRS

<http://etro.fss.is/leikur1.swf>

og <http://etro.fss.is/leikur1isl.swf>

TPR-leikur sem verður í þróun á næstu vikum (ágúst 2010) og mögulega fram eftir vetri – á vegum Einars Trausta Óskarssonar. Fyrri síðan er þjálfun í spænsku, sú seinni í íslensku.

## Bækur um TPR og efni tengt TPR

**Instructor's Notebook How to Apply TPR For Best Results** e. Ramiro Garcia *Sky Oaks Productions*

Yfirgripsmikil handbók um TPR

**Total Physical Response in First Year Spanish** e. Francisco Cabello *Sky Oaks Productions*

42 tilbúna kennslustundir í TPR

**Escuche y actúe – Listen and Perform – the TPR Student Notebook** e. Stephen Mark Silvers, Francisco Cabello og John Howells; *Sky Oaks Productions*

Vinnubók nemandans með alls kyns æfingum.

**The Graphics Book** e. Ramiro Garcia *Sky Oaks Productions*

Bók með myndum til að nota í TPR og með myndabingói

**Fluency Through TPR Storytelling** e. Blaine Ray og Contee Seely

Lykilbókin um TPR Storytelling sem er orðin útbreidd aðferð í Bandaríkjunum.

**From Input to Output – A Teacher's Guide to Second Language Acquisition** e. Bill VanPatten –  
*McGraw-Hill*

Frábær bók um máltöku í erlendu máli – eiginlega skyldulesning fyrir alla tungumálakennara

**Learnables: Book 1** e. Harris Winitz

Kennsla með myndum, án texta. Kennarinn segir hvað er á myndunum og prófar síðan skilning nemenda